

Félagsmálanefnd Alþingis  
B.t. Hildar Njarðvík nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. nóvember 2002


**Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi (19. mál)**

I

Vísað er til bréfs yðar, dags. 7. nóvember 2002, varðandi umsögn um 19. mál, þingsályktunartillögu um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM).

BHM styður þingmálið og leggur áherslu á sjálfstæði slíks sjóðs, sem rætt er um í a-lið tillögunar, og að í stjórn hans eigi sæti fulltrúar óháðra félagasamtaka í því skyni að ekki vakni grunur um að von um fjárframlag frá hinu opinbera hafi áhrif á starfsemi óháðra félagasamtaka, sbr. 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/597*  
*komudagur 9.12.2002*



Alþingi Íslendinga  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 29. nóvember 2002

Tilvísun: FEL02110028/0004/gath/--

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kvennahreyfinguna á Íslandi, þingskj. 19 - 19. mál.

Ráðuneytið hefur tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um að fela félagsmálaráðherra að bæta starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Gert er ráð fyrir að þetta verði gert með stofnun sérstaks sjóðs sem fái fjárveitingu með fjárlögum og með því að jafnréttisfulltrúum eða öðrum starfsmönnum ráðuneyta verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem innan starfssviðs hvers ráðuneytis sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á hverjum tíma.

Ný jafnréttislög tóku gildi í lok maí á árinu 2000. Við gildistöku var gerð gagngerð breyting á skipulagi vinnu við að koma á jafnari stöðu og jöfnum rétti karla og kvenna. Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála voru gerð að mun sjálfstæðari stjórnsýslueiningum en þær voru samkvæmt eldri löggjöf. Ný stofnun Jafnréttisstofa kom til sögunnar. Hlutverk Jafnréttisstofu er mjög umfangsmikið sbr. 3. gr. laga nr. 96/2000, m.a. að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og þar með því að makmið laganna náist. Eitt af markmiðum laganna er samkvæmt d-lið 1. gr. að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.

Það er og hlutverk Jafnréttisstofu að veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð. Ráðuneytið telur að þar sem enn er lítil reynsla komin af nýjum jafnréttislögum sé ekki tímabært að samþykkja þá þingsályktunartillögu sem hér um ræðir.

F. h. r.

  
Guðrún A Þorsteinsdóttir

  
Gylfi Kristinsson

Háskóli Íslands  
Jafnréttisnefnd

Alþingi  
Erindi nr. Þ 128/598  
komudagur 9.12.2002



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík 06.12.2002

Nefndasvið Alþingis  
Berist til félagsmálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Umsögn jafnréttisnefndar Háskóla Íslands við tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.

Þingskjal 19-19. mál  
Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands lýsir stuðningi við að Alþingi álykti að fela félagsmálaráðherra að stuðla að bættu starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð um mikilvægi þess að stofnaður verði sjóður með lið á fjárlögum í þeim tilgangi að styrkja hvers konar starf félagasamtaka, hópa og einstaklinga sem miðar getur að jafnari stöðu kynjanna. Slíkum sjóði verði skipuð sérstök stjórn og við styrkveitingar væri við hæfi að álits væri leitað hjá jafnréttisfulltrúa viðkomandi ráðuneytis. Fjárstyrki af þessu tagi mætti m.a. nota til að greiða fyrir þátttöku umræddra aðila í alþjóðlegu samstarfi. Víða erlendis hafa óháð félagasamtök meðal annars tekið virkan þátt í opinberri stefnumótun á sviði jafnréttismála og fasta fulltrúa á alþjóðaráðstefnum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins þar sem jafnréttismál eru til umræðu.

Samstarf hins opinbera við frjáls félagasamtök tryggir að tekið sé tillit til ólíkra sjónarmiða og hagsmuna þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Fjárskortur stendur íslenskri kvennahreyfingu fyrir þrífum og kemur í veg fyrir að sú þekking og mannauður sem þar er nýtist sem skildi, bæði í alþjóðlegu samstarfi og á innlendum vettvangi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að jafnréttisfulltrúum ráðuneyta verði falið að koma á beinum tengslum fagraðuneyta við fjáls félagasamtök. Í þessu samhengi er rétt að benda á að þó jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna gegni veigamiklu hlutverki við að gæta jafnréttis við opinbera stefnumótun er starf þeirra enn í mótun og starfið missterkt eftir ráðuneytum. Það er mat jafnréttisnefndar Háskóla Íslands að skilgreina og samræma þurfi starfssvið og starfshlutfall jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna nánar þannig að þeir hafi forsendur til að sinna jafn mikilvægu verkefni og hér er gerð tillaga um.

Umsögn samþykkt á fundi jafnréttisnefndar Háskóla Íslands þann 5. desember 2002.

Virðingarfyllst,

f.h. Jafnréttisnefndar Háskóla Íslands



---

Rósa Erlingsdóttir,  
Jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands

Umsögn við þingsályktunartillögu um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.  
Sérálit Teits Bjarnar Einarssonar fulltrúa Stúdentaráðs í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.

Þingskjal 19-19. mál

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman.

Ég er sammála álitni nefndarinnar hvað snertir b) lið þingsályktunarinnar um hlutverk jafnréttisfulltrúa innan ráðuneytanna. Nauðsynlegt er að skýra betur hvað jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna eigi að gera. Í því sambandi þarf alveg örugglega að skilgreina og samræma betur starfssvið þeirra og starfshlutfall.

Hinsvegar er ég mótfallinn því að jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna, eða starfsmönnum, sé gert skylt að koma á beinum tengslum við samtök, hópa eða einstaklinga sem vinna að því að jafna stöðu kynjanna. Erfitt er að sjá hvaða ávinning er að hafa af því umfram það sem nú er. Það er hlutverk ráðuneytanna að vinna eftir pólitíkri stefnumörkun ráðherranna hverju sinni. Óljóst er því hvað samtök, hópar og einstaklingar hafa með stefnumörkun ráðherra að gera utan hins venjulega sérhagsmunaprýstings.

Annað mál er svo að því minna sem hið opinbera kemur að hinum ýmsu málaflokkum, því betur blómstrar þekking og sá mannauður sem hin ólíku frjálsu félagssamtök hafa yfir að ráða. Óeðlilegt er því að ríkið veiti einum samtökum eða sjónarmiðum betri aðstöðu umfram aðra hópa eða önnur sjónarmið, því ríkið er sjaldnast bært að meta og skilgreina þarfir og skoðanir almennra borgara hverju sinni. Hið opinbera ber að gæta jafnræðis í hvívetna, gildir þar einu hvort um sé að ræða almenna borgara eða frjáls félagasamtök sbr. 1.mgr. 74.gr. laga nr. 33/1944.

Í framhaldi af ofangreindu er ég algjörlega mótfallinn a) lið þingsályktunartillögunnar um að stofnaður verði sjóður með lið á fjárlögum í þeim tilgangi að styrkja hvers konar starf félagssamtaka, hópa og einstaklinga um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.

Eins og segir í greinargerð er það eðli hreyfingarinnar að innan hennar hafa oft myndast litlir óformlegir hópar sem ekki hafa neinar félagaskrár og finnast hvergi á skráum yfir formleg félagasamtök. Hreyfingin hefur því mjög ólíka stöðu gagnvart rótgrónum félagssamtökum s.s. innan íþróttahreyfingarinnar. Eins er markmið hreyfingarinnar óljóst.

Í greinargerðinni segir orðrétt:

*Lífslíkur og árangur þessara hópa mundu aukast til mik illa muna ef hægt væri að sækja um fjárveitingar til þess að koma í verk einhverjum af þeim hugmyndum sem félagsfólk hefur. Þessum hópum og einstaklingum þyrfti að gefa tækifæri til að sækja um styrki til pólitískra verkefna, svo fremi þau geti rökstutt þörfina og sýnt fram á almennt gildi starfsins fyrir samfélagið.*

Þarna er m.ö.o. sagt af því að þessi félög eru ný og lítil, eigi að styrkja þau með opinberum fjárveitingum svo lífslíkur þeirra og árangur aukist, gegn að þau sýni fram gildi starfsins almennt fyrir þjóðfélagið. Til að byrja með væri miklu nær að þessi grasrótarsamtök sýni fyrst fram á gildi starfsins áður en hægt yrði að leiða hugann að því að styrkja þau með fjárveitingum. En jafnframt réttlætir það ekki fjárveitingu úr ríkissjóði, eitt og sér, að sýna fram á gildi starfsins fyrir samfélagið. Fyrir því þarf að vera almenn sátt en ekki eingöngu vilji lítillra sérhagsmunahópa. Efast ég um að slík sátt sé til staðar.

Þar með er ekki sagt, eða verið að gefa í skyn, að starf kvennahreyfingarinnar sé ekki þarft og eigi ekki rétt á sér. Þvert á móti, flest áberandi félagsamtök í þjóðfélaginu vinna gott og þarft starf og gildir einu þó slík samtök vinna að jafnrétti kvenna, forvarnarstarfi fyrir unglunga, ummönnun fatlaðra, meiri hreyfingu aldraðra o.s.frv. En ef ríkið ætti að hlutast til um hvert það félag sem vinnur göfugt og gott starf að mati einhverja þá er tilgangur þeirra félaga sem frjálsra samtaka orðinn ansi óljós.

Ég er því andsnúinn þingsályktunartillögunni í heild sinni á þeim forsendum að hið opinbera á ekki að styrkja félagasamtök, hversu stór eða lítil þau eru, eingöngu vegna þess að um er að ræða göfugt og gott starf. Það er jafnframt samfélaginu ekki til góðs að ákveðnir sérhagsmunahópar hafi betri aðgang að fjármunum ríkisins en aðrir. Það leiðir ofast til þeirrar niðurstöðu að hin almenna skoðun samfélagsins nær ekki fram að ganga, heldur verður hugmyndafræði þeirra frekustu einatt ofaná. Sem svo verður til þess að draga þrótt úr þeim félagasamtökum sem ekki njóta verndar ríkisins.



Teitur Björn Einarsson  
fulltrúi Stúdentaráðs í jafnréttisnefnd HÍ



Reykjavíkurborg  
Jafnréttisráðgjafi

Alþingi  
Erindi nr. P 128/97  
komudagur 19.11.2002

Reykjavík, 15. nóvember 2002  
99020323  
070

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Njarðvík  
Nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

***Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 128. löggjafarþing 2002-2003, 19. mál***

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis dags. 7. nóvember 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi, sem nú liggur fyrir 128. löggjafarþingi, 19. mál.

Í tillögunni felst almenn hvatning til félagsmálaráðherra um að stuðla að bættu starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnrétti karla og kvenna, en sérstaklega er lagt til að a) stofnaður verði sjóður með lið á fjárlögum og b) jafnréttisfulltrúum ráðuneyta verði falið að koma á beinum tengslum við aðila sem starfa að jafnréttismálum innan fagsviðs hvers ráðuneytis.

Undirrituð tekur undir það með tillöguflýgjendum að nauðsynlegt og gagnlegt sé fyrir annars vegar þau samtök, stofnanir, hópa og fleiri sem starfa að jafnrétti kynja svo og ráðuneytin sjálf hinsvegar að styrkja stöðu þessara aðila og tengsl þarna á milli. Sérstakur sjóður yrði vel til þess fallinn, eins og lagt er til.

Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar berast á hverju ári 15-20 styrkumsóknir frá margskonar aðilum sem leita fjármagns og stuðnings til að hrinda í framkvæmd verkefnum, afla þekkingar eða sinna með einhverjum hætti betur þörfum á sviði jafnréttismála. Þetta eru allt frá einstaklingum innan fagstétta sem sækja vilja ráðstefnur á fagsviði sínu þar sem jafnrétti kynja er ofarlega á dagskrá, félagasamtök á öðrum hefðbundnum sviðum sem gera vilja átak í þágu annars kynsins, s.s. íþróttafélög, jafnréttis- eða kvennasamtök sem leita fjármagns til að sinna grunnmarkmiðum sínum, halda ráðstefnur eða fundi, rannsakendur sem hafa áhuga á sérstöku rannsóknarefni á sviði jafnréttismála, dagskrárgerðarfólk sem vill framleiða efni fyrir fjölmiðla með áherslu á jafnréttismál, sjálfsprottnir málefnaþópar sem vilja efna til herferðar, útgáfu eða annars slíks um afmörkuð mál s.s. heimilisofbeldi, stofnanir á sviði félagsmála, starfsmenntunar- eða fræðslumála sem vilja ná til hópa kvenna með fræðslu og stuðning, s.s. með námskeiðsefni ætluðu eldri konum, stofnendum fyrirtækja osfrv, og svona mætti áfram telja.

Meðal þess/þeirra sem jafnréttisnefnd hefur styrkt á allra síðustu misserum má telja Félag kvenna í læknastétt, Samtökin '78, Herferð gegn heimilisofbeldi, KRÍ, Útgáfa ritsins Gegnum glerþakið, Stígamót, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Félag ábyrgra feðra, Kvennakirkjan, Átak til verndar mannréttindum, Félag um Mariusetur, Jafnréttishandbók grunnskóla, Rannsókn á kynjamun meðal unglinga, Félagsráðgjafar á kvennadeild Landspítala vegna útgáfu fræðslubæklings, ÍSÍ vegna eflingar íþróttakvenna og ritið Kvennaslóðir til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur. Þessi listi er langt í frá tæmandi.

Fjármunir jafnréttisnefndar sem hægt er að verja með þessum hætti eru hinsvegar afar takmarkaðir. Styrkir eru yfirleitt aldrei lægri en kr. 50.0000 og fátítt að þeir nái kr. 300.000. Flestir munu þeir vera á bilinu 100.000-200.000. Umsóknir um dýrari verkefni, eins og til dæmis þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, dagskrárgerð (einkum sjónvarspættir eða heimildamyndir), margvíslegar rannsóknir, gerð vandaðs námsefnis o.þ.h. fellur oftast utan þess sem jafnréttisnefnd hefur bolmagn til, nema styrkumsækjendur hafi einnig tryggt sér fjármagn annars staðar frá og framlag nefndarinnar geti orðið eitt af mörgum.

Mér virðist nokkur einkenni vera flestum þessum styrkumsækjendum sameiginleg og vil ég nefna eftirfarandi.

Oft er sótt um mjög lágar upphæðir, en sem samt skipta sköpum um að hrinda megi í framkvæmd góðum hugmyndum og starfi sem hefur margháttaðan samfélagslegan ávinning í för með sér. Bróðurparturinn af því starfi er nær alltaf unninn í sjálfboðavinnu en sótt um styrki til að mæta útlögðum kostnaði sem að öðrum kosti fólk yrði að bera persónulega en falla frá hugmyndinni ella.

Leitað er hagkvæmustu leiða við útfærslu hugmynda og stefnt að hámarksnýtingu takmarkaðs fjármagns. Þetta gildir einkum um félagasamtök sem starfa á hugsjónagrundvelli. Mjög oft verð ég vör við að umsækjendur hafa í fá hús að leita um stuðning - virðast oft lenda milli stafs og hurðar á hefðbundnari vettvangi. Stundum má rekja það til þess að um "jaðarsamtök" er að ræða, þ.e. þau eru ekki hluti af skipulagðri heild sem hefur aflað sér viðurkenningar eða komið sér upp formlegri fjáröflunarleiðum. Alltof oft hef ég orðið þess vör að frábærar, tímabærar og faglega nýskapandi hugmyndir hafa ekki náð fram að ganga vegna þess að ekki tekst að fjármagna þær.

Ég vil sérstaklega taka undir með tillöguhöfundum um að sjóði þeim, sem lagt er til að stofnaður verði, verði ráðstafað til að styrkja þátttöku í alþjóðlegu starfi. Ég hef talsverða reynslu af alþjóðastarfi að jafnréttisverkefnum, á norrænum vettvangi og á vettvangi ESB, bæði sem samningshafi við ESB og sem svokallaður samstarfsaðili. Á Evrópuvettvangi gildir sérílagi, að leggja þarf töluverða vinnu, oft sérhæfða vinnu, í gerð umsókna, en líka að sýna þarf fram á að umsækjendur geti fjármagnað verkefnið að hluta, t.d. leggja fram 20-40% heildarkostnaðar, breytilegt eftir því hvaða áætlanir ESB er sótt um fjármagn til. Við undirbúning umsókna þarf að afla samstarfsaðila í nokkrum löndum og oftast fer best á því að samstarfsaðilar geti lagt lokahönd á umsókn saman, t.d. á sameiginlegum vinnufundi. Þetta getur haft kostnað í för með sér. Hinsvegar er eftir talsverðu fjármagni að slægjast og verulegum margfeldisáhrifum, bæði fjárhagslega og hvað varðar öflun reynslu og þekkingar og miðlun út í samfélagið. Nægir mér að nefna verkefnið ESB verkefnið Hið gullna jafnvægi sem dæmi um slík áhrif. Það yrði fjölmörgum aðilum sem starfa á sviði jafnréttismála hér á landi mikil lyftistöng, ef aðstaða þeirra til að eiga samstarf í slíkum verkefnum yrði bætt, um leið og það hefði jákvæð áhrif á samfélagið í heild.



Af framansögðu er ljóst að ég styð stofnun sjóðs á þessu sviði, en vil jafnframt hvetja til að ráðuneytin hvert fyrir sig verji kröftum og fjármunum í verkefni á sínu málsviði sem stuðla að jafnrétti kynja. Síðaril liður tillögunnar, um beinni tengsl milli ráðuneyta og jafnréttissamtaka / -aðila, gæti einnig stuðlað að því. Mikilvægt er að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna styrkist í starfi, séu í góðum tengslum við ytra umhverfi ráðuneytisins, hafi úr fjármagni að spila, sé búin aðstaða og njóti stuðnings í þeim verkum sem þeim eru falin.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Hildur Jónsdóttir', written in a cursive style.

Hildur Jónsdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 128/637  
komudagur 12.12.2002

# Jafnréttisstofa

Félagsmálanefnd  
b.t. Hildar Njarðvík  
Alþingi  
150 Reykjavík.

Akureyri 10. desember 2002.

Með bréfi dags. 7. nóvember 2002 óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn Þingsályktun um kvennahreyfinguna á Íslandi (tilv. 19. mál). Mál þetta hefur tafist nokkuð vegna ýmissa ástæðna en umsögn þessi er nú send inn í samráði við starfsmann nefndarinnar.

Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:


## 1. Liður a) í þingsályktuninni.

Jafnréttisstofa lýsir yfir ánægju sinni með tillöguna, enda er ljóst að jafnréttismál er málflokkur sem á undir högg að sækja, því er mikilvægt að stuðla að því að margir aðilar hafi slagkraft á þeim vettvangi. Jafnréttisstofa hefur tekið þátt í alþjóðlegu starfi á sviði jafnréttismála. Hlutur félaga, hópa og samtaka hefur verið mjög takmarkaður þar sem að fjármagn hefur skort til þess að þau geti tekið þátt. Rétt er einnig að geta þess að algengt er að til okkar leiti þessir aðilar til þess að fá fjárhagsstuðnings vegna þessa, en hjá Jafnréttisstofu er ekkert fjármagn til slíks.

## 2. Liður b) í þingsályktuninni.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna er nýjung í íslenskri jafnréttislöggjöf og er lagaheimildin í 11. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk þeirra hefur verið frekar óskilgreint og breytilegt eftir ráðuneytum. Jafnréttisstofa hefur átt gott og náð samstarf við jafnréttisfulltrúa ráðuneyta. Jafnréttisstofa lýsir ánægju sinni með þingsályktunartillögunni, en hún er í anda samþættingar sem er eitt meginviðfangsefni ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur



*Erindi nr. P 128/306  
komudagur 28.11.2002*

Hallveigarstöðum, 27. nóvember 2002

Félagsmálanefnd Alþingis,  
Hildur Njarðvík, nefndarritari,  
Nefndasviði Alþingis, Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Mál: Þingsályktunartillaga um kvennahreyfinguna á Íslandi, 19. mál.**

### **Umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands.**

Starf frjálsra félagasamtaka er mikilvægt og hefur að undanfögnu aukist skilningur og viðurkenning á því í þjóðfélaginu. Hafa frjáls félagasamtök innt af hendi í sjálfboðinni vinnu ómælt framlag til ýmissa málefna í þágu almennings. Víða erlendis hafa frjáls félagasamtök myndað heildarsamtök og hafa þá afl til að mynda þrýstihópa um ýmis baráttumál sem horfa til heilla fyrir almenning. Ekki hefur enn tekist að mynda slík samtök hér á landi.

Umrædd þingsályktunartillaga er einkum ætluð til stuðnings samtökum kvenna, og þá helst til að styðja starf er beinist að jafnrétti meðal kynja og ýmissa starfshópa, sem búa við misjöfn skilyrði. Víða er enn pottur brotinn í þeim málum og mætti slík fjárveiting geta orðið til að auðvelda leiðréttingu á misrétti.

Kvenfélagasamband Íslands er samband kvenfélaga á öllu landinu. Mörg félög eru fámenn og hafa litla burði til að styðja konur í sínu héraði til ýmissa brýnna mála sem horfa til heilla og framfara. Félög kvenna hafa hingað til lagt allt það fé sem safnast til þeirra til líknar- og menningarmála fyrir almenning, en ekki sparað til að rétta sinn hlut í hörðum heimi.

Það væri því vissulega fagnaðarefni ef hið háa alþingi veitti til kvennahreyfingarinnar fé til að bæta skilyrði kvenna til að að koma í framkvæmd ýmsum þeim málum sem leiðrétta aðstöðu þeirra og veiti þeim betri möguleika til að taka þátt í starfi sem varða hag almennings og bæði kyn þurfa að koma jafnt að.

Virðingarfyllst,  
f.h. Kvenfélagasambands Íslands

Helga Guðmundsdóttir  
Forseti KÍ

Alþingi  
Erindi nr. P 128/345  
komudagur 29.11.2002



Kvennakirkjan  
Þinghóltsstræti 17  
101 Reykjavík  
sími 551 3934

27. nóvember 2002

Félagsmálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kvannahreyfinguna á Íslandi


Kvennakirkjan fagnar þessari tillögu. Við teljum að hún muni á margan máta verða kvannahreyfingunni til góða. Það verði hinum ýmsu hópum mikil lyftistöng að eiga sameiginlegan vettvang til samstarfs um þau mál sem kvannahreyfingin vill beita sér að, en þann vettvang skrotir nú. Það verður hvatning að fá upplýsingar um samstarf við kvannahreyfinguna í öðrum löndum og eiga aðild að því og það verður mikill stuðningur að eiga aðgang að fjármagni til þess starfs.

Við vonum að tillagan fái framgang og hlökkum til að taka þátt í því starfi sem fylgir.

Fyrir hönd Kvennakirkjunnar,

A handwritten signature in cursive script, appearing to read "Auður Eir Vilhjálmsdóttir".

Auður Eir Vilhjálmsdóttir



# KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

stofnað 27. janúar 1907.  
Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík  
Sími 551 8156 • Bréfsími 562 5150  
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 128/856  
komudagur 24.1.2003

**Nefndasvið Alþingis**  
**Þórshamri v/Templarasund**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík 9. janúar 2003


**Varðandi: Tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvenna-  
hreyfinguna á Íslandi (þskj.19 - 19 mál)**


Kvenréttindafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um að komið verði á bættu starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.

Kvenréttindafélag Íslands leggur áherslu á að stofnaður verði sjóður, sem gerir frjálsum félagasamtökum auðveldara en nú er að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, en eins og allir sem til þekkja vita, eru frjáls félagasamtök með ráðstefnur til hliðar við stórar ráðstefnur um mannréttindi, umhverfismál o.fl. á vegum stjórnvalda. Frjáls félagasamtök veita þannig bæði upplýsingar og aðhald. Kvenréttindafélag Íslands á aðild að alþjóðasamtökum kvenna (International Alliance of Women) 32 þing samtakanna var haldið í Colombo á Sri Lanka í september 2002. Þorbjörg Inga Jónsdóttir formaður KRFÍ, var á þinginu, kjörin í aðalstjórn samtakanna, og er það í fimmta sinn sem íslensk kona er kjörin í stjórn IAW. Á þinginu var samþykkt aðgerðaáætlun 2002 – 2004 sem byggð er á reynslu samtakanna sem samband alþjóða landsfélaga, sem vinnur í nánum tengslum við Sameinuðu þjóðirnar. Um þessar mundir blasa við ný og stórkostleg viðfangsefni, sem gætu styrkt baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna, jöfnum réttindum og jöfnum skyldum. Af þeim sökum staðfesta samtökin tvö megin ætlunarverk sjálfstæð en þó samfléttuð, og eru þessi “**Mannréttindi-Kvenréttindi, Hnattvæðing**” (þ.e. að mannréttindi séu kvenréttindi og að þau verði viðurkennd í öllum heimshornum).

Eins og staðan er í dag er erfitt um vik, vegna fjárskorts geta félögin lítið annað gert en sinna bráðnaúðsylegum rekstri og verkefnum á innanlandsvettvangi.

Orð eru til alls fyrst og þær hugmyndir sem kvikna í grasrótinni hafa orðið í árána rás sá veruleiki, sem mannkynið hefur notið góðs af. Margar slíkar hugmyndir hafa orðið til innan kvennahreyfinga. Nauðsynlegt er að skapa það umhverfi sem þarf til að Kvennahreyfingin á Íslandi og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna.

  
Þorbjörg Inga Jónsdóttir,  
formaður.

  
Ragnhildur G. Guðmundsdóttir,  
framkvæmdastjóri.